

VERKASKIPTING UMFÍ OG ÍSÍ

TILLAGA FRÁ HHF, HSB, HSS, HSV, HSP, UDN, UIF

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótelu í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að hefja heildstæða stefnumótun í íþróttamálum í samstarfi við ÍSÍ, þar sem gerð verði skýr verkaskipting milli UMFÍ og ÍSÍ.

Eftirtaldir sambandsaðilar UMFÍ; Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF), Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), Héraðssamband Strandamanna (HSS), Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Héraðssamband Þingeyinga (HSP), Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF), leggja hér fram sameiginlega tillögu fyrir Sambandsþing UMFÍ sem haldið verður 10.-12. október 2025 í Stykkishólmi.

Sambandsþing UMFÍ samþykkir að hefja heildstæða stefnumótun í íþróttamálum í samstarfi við ÍSÍ, þar sem gerð verði skýr verkaskipting milli UMFÍ og ÍSÍ:

- UMFÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta íþróttahéruð, ásamt því að halda utan um almenningu íþróttir.
- ÍSÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta sérsambönd, ásamt því að sinna afreks- og ólympíumálum.

Jafnframt samþykkir Sambandsþing UMFÍ að í þessari vinnu verði:

1. Hlutverk íþróttahéraða endurskilgreint með skýrum hætti.
2. Kannað og mótað hvernig UMFÍ hygdist styðja við íþróttahéruð fjárhagslega til þess að þau geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
3. Að stjórn UMFÍ leiti leiða, í samstarfi við ÍSÍ og í samvinnu við íþróttahéruð, til þess að bregðast við þeim miklu fjárhagslegu skerðingum sem urðu víða um land í kjölfar breytinga á lottóúthlutun með markvissum mótvægisáðgerðum

Vísað til: